

# Úthlutunarreglur

## Nemendagarða á Hvanneyri

### 1.gr.

Forgang til úthlutunar á leiguhúsnæði í nemendagörðum eiga nemendur Lbhí á hverjum tíma sem sýna eðlilega námsframvindu og lofa að hlýða þeim reglum og fyrirmælum sem gilda og eru skuldlausir við nemendagarðana.

Heimilt er að úthluta því leiguhúsnæði sem af gengur við hefðbundna úthlutun til almennings í upphafi skólaárs.

### 2.gr.

Starfsmaður Lbhí sér um úthlutun.

Frestur til umsókna ár hvert er í kringum 12. júní.

Sótt skal um með rafrænni umsókn, þar sem kemur fram hvort sótt er um íbúð eða herbergi, hvernig fjölskylduaðstæðum sé háttað og hvort umsækjandi óski eftir herbergi ef íbúð fæst ekki eða öfugt. Eins skal taka fram allar séróskir sem reynt verður að framfylgja eftir því sem hægt er. Úthlutun skal lokið fyrir **15. júlí** ár hvert.

### 3.gr.

Núverandi leigjandi íbúðar (sá sem leigir íbúð þegar úthlutun fer fram) á fyrsta forgang til framlengingu leigusamnings eftir eftirfarandi reglum:

- Sé núverandi leigjandi nemandi hjá Lbhí á Hvanneyri á komandi skólaár á hann forgang á aðra nemendur (óháð barnafjölda þeirra eða námsári) sem og á almenna leigjendur
- Sé núverandi leigjandi ekki nemandi hjá Lbhí á Hvanneyri á hann ekki forgang á nemendur og þarf því að víkja fyrir þeim en á forgang á aðra almenna leigjendur (óháð barnafjölda). Þó er sú undantekning á ef umsókn nemendanna hljóðar upp á eina sérstaka íbúð (íbúð almenna leigjandans) og önnur sambærileg íbúð er laus skal almenni leigjandinn ekki þurfa að víkja og nemendurnir fá þá úthlutað sambærilegu íbúðinni.

Við úthlutun leiguhúsnæðis skal annars eftirfarandi forgangsreglum fylgt, þ.e. 1 er mesti forgangur (sjá þó nánari skilgreiningu hér að neðan og forgangsrétt núverandi leigjenda hér að ofan):

1. Par, bæði námsmenn við Lbhí með barn.  
Námsmaður við Lbhí (einstætt foreldri) með barn.
2. Námsmaður við Lbhí og maki með barn.
3. Par, bæði námsmenn við Lbhí, barnlaus.
4. Námsmaður við Lbhí og maki, barnlaus.
5. Einstakur námsmaður við Lbhí.
6. Aðrir (forgangsraðaðir á sama hátt og hér að ofan, þ.e. barnafólk fyrst)

Samb.  
11.6.119

AS

TR AS

### **Nánari skilgreiningar:**

- Við úthlutun gangi þeir að öllu jöfnu fyrir sem lengst eru komnir í háskólanámi, þó er það svo að barnafólk er ætíð rétt hærra en barnlaust fólk við úthlutun íbúða án tillits til hversu langt það er komið í námi við Lbhí (sjá þó reglur um núverandi leigjendur íbúða).
- Óski þar eftir leiguhúsnæði skal engu breyta hvar né við hvað maki vinnur svo fremi hann dveljist að staðaldri eða hafi lögheimili í nemendagörðunum á leigutímabilinu.
- Fjöldi barna skal ráða við niðurröðun umsækjanda í íbúðir eftir óskum þeirra, og skulu þeir sem eiga flest börn eiga mestan forgang.
- Þannig gildi að eigi barnlaus umsækjandi von á barni, sem sýnt er að fæðast muni á skólaárinu og dveljast muni hjá honum, þá eykst réttur hans til húsnæðis.
- Séu tveir eða fleiri með jafnan rétt m.t.t. fjölda barna skal úthlutað eftir aldri barnanna. Verði ágreiningur um forgangsröðun m.t.t. aldurs barnanna skal meðalaldur barnanna gilda og hærri aldur eiga meiri forgang.
- Séu tveir eða fleiri jafn rétt háir eftir þessa forgangsröðun skal hlutkesti varpað.

### **Dæmi um úthlutun:**

A) Námsmaður á t.d. þriðja ári með barn (einstæður) komi á undan pari (bæði nemendur við Lbhí) á fyrsta ári með barn við úthlutun íbúðar.

B) Námsmaður á fyrsta námsári með barn komi á undan barnlausu pari (bæði nemendur við Lbhí á þriðja ári) við úthlutun íbúðar.

C) Par/einstætt foreldri með þrjú börn komi frekar til greina við úthlutun fjögurra herbergja íbúðar en par/einstætt foreldri með tvö börn.

D) Par/einstætt foreldri með tvö börn 7 og 9 ára komi á undan pari/einstæðu foreldri með tvö börn 2 og 3 ára við úthlutun fjögurra herbergja íbúðar.

### **4.gr.**

Leigusamningur íbúða/herbergja er ekki gerður til lengra tímabils en eins árs (aldrei lengur en fram í u.þ.b. miðjan ágúst) en hægt er að óska eftir styttra leigutímabili.

Samb.  
11.6.19

AS

AR AS

#### 5. gr.

Allir leigjendur á nemendagörðum LbhÍ skulu undirrita leigusamning. Leigjendur skulu einnig undirrita eyðublað þess efnis að þeir skuldbinda sig til að greiða tryggingu eftir á, allt að 150.000 krónur, ef skemmdir verða á húsnæði á leigutímanum eða við brottflutning. Eins er Nemendagörðunum heimilt að senda leigjanda reikning fyrir flutningsþrifum ef skilum á viðkomandi íbúð var ábótavant.

#### 6.gr.

Leigusamningar um húsnæði Nemendagarða eru ætíð tímabundnir, þ.e. gerðir til tiltekins tímabils sem tilgreint er í leigusamningi, og eru bindandi fyrir báða aðila út þann tíma, enda vanefni hvorugur samningskyldur sínar.

Stjórn Nemendagarðanna getur þó í sérstökum tilvikum, fallist á óskir leigutaka um að losna frá leigusamningi áður en leigutíma lýkur. Uppsagnarfrestur, sé fallist á ósk leigutaka, er þrjú mánuðir en getur þó aldrei orðið styttri en einn mánuður, miðað við mánaðamót.

Vanefni aðili leigusamnings samningskyldur sínar verulega er gagnaðila hans heimilt að rifta samningi og er leigutaka þá gert að rýma hið leigða án tafa.

Nánar er kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila í leigusamningi.

#### 7.gr.

Leiguverð miðist við gjaldskrá Nemendagarða á Hvanneyri, og er hún bundin neysluvísitölu sem er uppfærð mánaðarlega. Leiguverð á samningi sem gerður er til skemmri tíma en eins árs ber örlítið hærri leiguverð en langtímasamningur (eins árs).

Leigugreiðslur skulu greiddar með greiðsluseðli með gjalddaga 1. hvers mánaðar og eindaga fimm dögum síðar. Innheimta leigu er í höndum Eignaumsjónar hf. Verði vanefndir á leigugreiðslum skulu kröfur innheimtar af þeim aðila er annast frekari innheimtu fyrir Nemendagarðana og sendar í lögheimtu beri aðrar tilraunir til innheimtu ekki árangur.

Leiguverð á Nemendagörðunum er endurskoðað árlega í júní/júlí.

#### 8. gr.

Dýrahald er bannað í húsnæði og lóð Nemendagarðanna, og er þá átt við hunda, ketti, kanínur og önnur þau dýr er geta valdið ofnæmi, skemmdum á húsnæði og/eða ónæði.

Verði vanefndir á þessu er stjórn Nemendagarða heimilt að nýta ákvæði 6.gr. í úthlutunarreglum þessum, varðandi riftun samnings.

Samp.  
11.6. '19  
AS

TR AS